




1. Kynning á tækinu

Beurer vekjara-ljósið WL-75 vekur þig af værum svefni á góðan og náttúrulegan hátt.

LED díóðuljósinn verður smátt og smátt bjartari og bjartari eins og um sólarupprás sé að ræða, og leyfa þér smátt og smátt að átta þig á umhverfisáhrifum ljóssins og undirbúa líkamann fyrir vöknun.

Þið getið stillt vekjarann þannig að hann veki ykkur aðeins á eftir ljósinu og þið getið valið um að vera vakinn af mismunandi hljóðmerkjum eða útvarpi. Beurer WL-75 er frábær byrjun á góðum degi.

2. Merki og tákn



Viðvörðun um áhættu, meiðsl og heilsutjón
Öryggisábending um mögulega skemmd á tækinu



Ábending um áríðandi upplýsingar



Fargið tækinu aðeins hjá viðurkenndum endurvinnslustöðvum



Þetta tæki uppfyllir Evrópustaðla

3. Notkun



Viðvörðun

Þetta tæki má aðeins nota í þeim tilgangi sem það er hannað fyrir og lýst er í þessum leiðbeiningum. Framleiðandinn er ekki ábyrgur fyrir skemmdum sem orsakast af rangri eða kærulausri notkun.

4. Aðvaranir / Öryggismál



Viðvörðun


- Notið þetta tæki aðeins með rafmagnsleiðslunni sem fylgir því.
- Áður en þið byrjið að nota tækið þá farið yfir það og kannið hvort nokkrar skemmdir séu á því. Ef svo er, þá hafið strax samband við Beurer þjónustuna hjá PFAFF hf.
- Tækið er eingöngu ætlað til heimilisnota – ekki iðnaðarnota.

- Þetta tæki má notast af börnum sem orðin eru 8 ára, fötluðu og þroskaheftu fólki svo fremi að þau hafi fengið kennslu um meðferð tækisins.
- Börn eiga ekki að leika sér með tækið.
- Ef rafmagnsleiðslan úr tækinu skemmist verður að skipta um hana af til þess hæfum aðilum t.d. Beurer þjónustunni hjá PFAFF hf, eða álíka hæfum aðilum sem til þess hafa full réttindi.
- Ef tækið vinnur ekki eins og það á að gera, þá takið það úr sambandi við rafmagn.




ÁRÍÐANDI Verjið tækið fyrir höggum, raka, ryki, miklum hitasveiflum og beinu sólarljósi.

5 Lýsing á tækinu



1. Skjár
2. Takki til að kveikja og slökkva
3. Snertiflötur fyrir „snooze“ aðgerð
4. Takkar fyrir birtustillingu
5. Skynjaraflötur fyrir skjálýsingu
6. < > Takkar
7. AUX takki
8. Takki fyrir útvarp
9. Loftnet
10. Tengill fyrir rafmagn
11. USB tengill (til að hlaða snjallsíma)
12. AUX inngangur
13. Takki fyrir vekjara
14. SET stillitakki



Skjárinn

- 1 Hljóðstyrkur
- 2 Ár (Y) Mánuður (M) Dagur (D)
- 3 Vekjaramáti fyrir útvarp
- 4 Klukka / Dagsetning / Útvarpstíðni
- 5 SET tegund
- 6 AUX tegund
- 7 Vekjara tegund
- 8 Útvarp
- 9 Blátönn (Bluetooth)
- 10 Klukkan
- 11 Skjárinn
- 12 Minni 1 eða 2 fyrir vekjarann
- 13 Svefn aðgerð (Sleep)
- 14 Píp tónn
- 15 Melódíu vöknun

6 Vekjara ljósið tekið í notkun

- Þið getið hlaðið niður ókeypis „beurer LightUp“ appinu úr Apple App Store (iOS) eða Google (Android)
- Gerið blátönnina virka á smartsímanum ykkar.
- Komið tækinu fyrir á góðum stað nálægt innstungu fyrir rafmagn og tengið rafmagnsleiðsluna við tækið (10) og innstungu í vegg. *
- Klukkan á tækinu sýnir nú 0:00.
- Nú getið þið annað hvort opnað „beurer LightUp“ appið eða stillt tækið með tökkunum. Auðveldast er að nota „beurer LightUp“ appið, en ef tækið er tengt smartsíma þá er ekki hægt að nota takkana á tækinu á meðan.

7. Klukkan og dagsetning stillt

Ef þið notið „beurer LightUp“ appið þá stillist bæði klukka og dagsetning sjálfkrafa, en ef þið notið takkana á tækinu þá farið að á eftirfarandi hátt;

7.1 Stilling á klukkunni;

- Ýtið þrisvar á **Set** takkann og upp kemur „SET Time“ á skjáinn. Biðið í 3 sekúndur þar til 24hr tímaformið blikkar á skjánum.
- Stillið tímaformið með ◁ ▷ tökkunum (24 tíma stillingu „24 hr“ eða 12 tíma stillingu „12 hr“9) og staðfestið með því að ýta á **Set** takkann.
- Klukkutíminn blikkar á skjánum. Stillið á réttan tíma með ◁ ▷ tökkunum og staðfestið með **Set**.
- Mínúturnar blikka á skjánum. Stillið á réttan tíma með ◁ ▷ tökkunum og staðfestið með **Set**.
- Ártalið (Y) blikkar á skjánum. Stillið á rétt ár með ◁ ▷ tökkunum og staðfestið með **Set**.
- Mánuðurinn (M) blikkar á skjánum. Stillið á réttan mánuð með ◁ ▷ og staðfestið með **Set**.
- Dagurinn (D) blikkar á skjánum. Stillið á réttan dag með ◁ ▷ tökkunum og staðfestið með **Set**.

7.2 Vekjarastillingar

Athugið

Ef þið stillið vekjarann með tökkunum á ljósinu getið þið valið lengd vekjarans og tón. Ef þið stillið vekjarann í gegn um „beurer LightUp“ appið getið þið aukalega stillt inn dagana sem vekjarinn á að virka, „snooze“-timann og einnig ímyndaða sólarupprás (Ljós vekjarans verður smám saman bjartara).

Til að stilla vekjarann með tökkunum farið þið þannig að:

- 1 Ýtið einu sinni á **Set** takkann og þá kemur „SET Alarm“ á skjáinn. Bíðið í 3 sekúndur þar til vekjaralukkumerkið með tölunni 1 kemur fram og blikkar.
- 2 Með tökkunum ◁ ▷ veljið þið nú annað hvort vekjara 1 eða vekjara 2 og staðfestið með **Set**.
- 3 Vekjaralukkutíminn blikkar nú á skjánum. Veljið nú vekjartímann með tökkunum ◁ ▷ og staðfestið með **Set**.
- 4 Vekjaramínúturnar blikka nú á skjánum. Veljið mínúturnar með tökkunum ◁ ▷ og staðfestið

með **Set**.

5 Nú blikka þrjú merki á skjánum, Vekjaratónn (þrjú strik og punktur), Melódíur 1-6 (fjöður), eða útvarp (mynd af útvarpi). Veljið það sem þið viljið nota með örvunum ◁ ▷ og staðfestið með **Set**. Vekjarinn hefur nú verið gerður virkur.

Ímyndaða sólarupprásin byrjar aðeins á undan innstilltum vekjaratíma til að undirbúa líkamann fyrir vöknun og vekjarinn fer svo í gang þegar sólarupprás er náð.

Vekjarinn gerður virkur

Þið getið valið um að vera vakin með einu af fjórum mismunandi lögum, vekjaratón eða útvarpi. Fyrir þann tíma sem þið hafið stillt inn á (sjá hér á eftir) getið þið stillt á á eftirfarandi aðgerðir; vekjaratón, hljóðstyrk, sólarupprás þ.e.a.s. ljós, lengd á ljósi og styrk á því.

Til að stilla aðgerðina farið þið svona að: Ýtið eins oft á **Alarm** eins og þið þurfið til að fram komi **ALARM 1**, **ALARM2** eða **ALARM1 OG ALARM2** á skjánum

Vekjarinn gerður óvirkur

Til að gera vekjarann óvirkan, ýtið þið á **Alarm** þar til **OFF** kemur á skjáinn.

„Snooze“ aðgerðin (lúr stillingin) gerð virk

Þegar vekjarinn byrjar snertið þið aðalrofann **Φ** (ekki ýta á hann) til að gera „snooze“ aðgerðina virka. Hægt er að stilla lengdina á „snooze“ aðgerðinni með appinu „beurer LightUp“.

Slökkt á vekjaranum

Þegar vekjarinn fer í gang er nóg að ýta á **aðalrofann Φ** til að slökkva á vekjaranum.

7.3 Ljós / lesljós



Athugið

Þið getið stillt ljósið í gegn um „beurer LightUp“ appið eða með tökkunum.

Til að stilla ljósið með tökkunum farið þið þannig að:

- 1 Ýtið á **aðalrofann Φ** til að kveikja á ljósinu
- 2 Ýtið aftur á **aðalrofann** til að slökkva á ljósinu
- 3 Með birtutökkunum + og – getið þið svo stillt birtuna á ljósinu.

7.4 Stemmning ljós

Athugið

Ef þið kveikið á stemmningsljósinu í gegn um vekjara-ljósið þá kemur fram stemmningsljós með stöðluðum litaskiptum.

Ef þið á hinn bóginn stillið stemmningsljósið i gegn um „beurer LightUp“ appið þá hafið þið eftirfarandi og aukalega möguleika;

- - Þið getið sjálf valið litinn á stemmningsljósinu
- - 10 forinnstillta möguleika (t.d. regnbogaljós)
- - Hægt að stilla stemmningsljósið inn með tímarofa.

Til að stilla stemmningsljósið í gegn um vekjara-ljósið farið þið þannig að:

- 1 Haldið aðalrofanum **ON/OFF** inni í 2 sekúndur. Þá kviknar á stemmningsljósinu
- 2 Til að halda ákveðnum lit á stemmningsljósinu ýtið þið aftur á **ON/OFF** takkann.
3. Til að slökkva á stemmningsljósinu ýtið þið aftur á **ON/OFF** takkann.

7.5 Svefn-aðgerð „Sleep“

Svefn aðgerðin „Sleep“ hentar vel til að hjálpa ykkur að sofna. Hér er hægt að stilla sólarlags aðgerðina en með henni er líkt eftir sólarlagi og ljósið verður smám saman daufara og daufara allt eftir þeim tíma sem þið stillið á.

Þar að auki getið þið bætt við ýmsum hljóðum og einnig valið hvort þið viljið hafa ljós eða stemmningsljós. Þið getið bæði stillt þetta með „beurer LightUp“ appinu eða með tökkunum á ljósinu og þá farið þið þannig að:

- 1 Til að virkja sólarlags aðgerðina með venjulegu ljósi ýtið þið stutt á **ON/OFF** takkann og við það kviknar á ljósinu.
Til að virkja sólarlags aðgerðina með stemmningsljósi haldið þið **ON/OFF** takkanum inni í tvær sekúndur og þá kviknar á stemmningsljósinu.
- 2 Haldið síðan **ON/OFF** takkanum inni í 5 sekúndur. 02 blikkar á skjánum og nú þurfið þið innan fimm sekúndna að stilla lengdina á sólarlaginu með tökkunum ◁ ▷.
- 3 Með tökkunum ◁ ▷ stillið þið einnig hljóðstyrkinn.
- 4 Með **Set** takkanum stillið þið svo á það hljóð sem þið viljið hafa.

7.6 Útvarpið

Þið getið stillt útvarpið hvort sem er í gegn um „beurer LightUp“ appið eða með tökkunum.

Stillt á útvarpsstöð

Til að stilla á útvarpsstöð með tökkunum farið þið þannig að:

- 1 Ýtið tvisvar á **Set** takkann og „*SET Radio*“ kemur á skjáinn. Bíðið í þrjár sekúndur þar til útvarpstíðni kemur á skjáinn.
- 2 Með tökkunum ◁ ▷ stillið þið nú á þá tíðni sem þið viljið hlusta á með því að halda tökkunum ◁ eða ▷ niðri. Staðfestið síðan með **Set**.
- 3 Númerið *P 01* blikkar á skjánum. Með tökkunum ◁ ▷ veljið þið á hvaða númeri (t.d. *P 01* eða *P 02*) þið viljið geyma þessa völdu útvarpsstöð. Þið getið valið um 10 mismunandi númer. Síðan staðfestið þið valið með því að ýta á **Set**.

Kveikt og slökkt á útvarpinu


- 1 Til að kveikja og/eða slökkva á útvarpinu ýtið þið einfaldlega á **Radio** takkann á ljósinu.
- 2 Til að skipta á milli útvarpsstöðva sem eru í minninu ýtið þið fyrst á **Set** takkann og veljið síðan stöð með ◁ ▷ tökkunum.
- 3 Til að stilla styrkleikann á meðan á útsendingu stendur ýtið þið á ◁ ▷ takkana.

7.7 Birtustillingin stillt

Athugið: Í vekjara ljósinu er um að velja 4 mismunandi birtustig (0, 1, 2, eða 3). Þið getið stillt á þessar stillingar annað hvort með „beurer LightUp“ appinu eða með tökkunum á ljósinu.

Til að stilla þetta með tökkunum á ljósinu farið þið þannig að:

- 1 Ýtið fjórum sinnum á **Set** takkann og þá kemur „SET display“ á skjáinn. Bíðið í þrjár sekúndur þar til tala birtist á skjánum.
- 2 Með tökkunum ◁ ▷ stillið þið á þá birtu sem þið viljið hafa á ljósinu og staðfestið með **Set**.
- 3 Þið getið einnig snert hægri hliðina á ljósinu nálægt skjánum til að breyta birtustillingunni (t.d. að nóttu til).



7.8 AUX tenging

Þið getið einnig tengt utanaðkomandi hljóðtæki við AUX innganginn á ljósinu (t.d. MP3-spilara, snjallsíma eða CD spilara).

- 1 Tengjið AUX leiðsluna sem fylgir með ljósinu við það tæki sem á að nota.
- 2 Tengjið hinn enda leiðslunnar við AUX innganginn á ljósinu.
- 3 Ýtið á **AUX** takkann á ljósinu og þá er utanaðkomandi tækið tengt við vekjara ljósið.
- 4 Stillið síðan hljóðstyrkinn með ◁ ▷ tökkunum.
- 5 Til að yfirgefa AUX aðgerðina ýtið þið einfaldlega aftur á **AUX** takkann.

7.9 Tónn fyrir takkana

Eingöngu er hægt að kveikja eða slökkva á tóninum fyrir snertingu takkana með „beurer LightUp“ appinu.

7.10 Gera blátönnina virka eða óvirka

Athugið: Við afgreiðslu frá verksmiðju er blátönnin í vekjara ljósinu virk. Athugið að ef þið viljið aftengja blátönnina þá verður ekki lengur hægt að tengjast ljósinu í gegn um „beurer LightUp“ appið.

Til að aftengja blátönnina við ljósið farið þið þannig að:

- 1 Ýtið 5 sinnum á **Set** takkann og „SET áamt tákni“ kemur á skjáinn. Bíðið í þrjár sekúndur þar til „on“ blikkar á skjánum.
- 2 Ýtið á annan hvorn takkann ◁ eða ▷ þar til „off“ kemur á skjáinn. Staðfestið síðan með **Set** og þá er blátönnin ekki lengur tengd við vekjara ljósið.

8 Hreinsun og geymsla

- Hreinsið tækið aðeins með þurrum og hreinum klút
- Notið aldrei hreinsiefni.
- Gætið þess að vatn komist aldrei inn í tækið. Ef slíkt kemur fyrir má alls ekki nota tækið fyrr en það er orðið alveg þurrt á ný.
- Setjið tækið eða leiðsluna í það aldrei í vatn eða annan vökva.

- Verjið tækið fyrir höggum, raka, ryki, kemiskum efnum, miklum hitasveiflum og nálægð við mikla hitagjafa.

9 Hvað ef vandamál koma upp ?

Á heimasíðu okkar www.beurer.com getið þið fundið frekari upplýsingar og svör við ýmsum algengum spurningum (FAQs).

10 Förgun á tækinu

Þegar líftími þessa tækis er liðinn á aldrei að losa sig við það með því að henda því með almenna sorpinu. Af umhverfisástæðum á að losa sig við svona tæki á endurvinnslustöðum. Farið ávallt eftir þeim reglum sem eru í gildi á þeim stað sem þið búið. Ef í vafa getið þið alltaf haft samband við Beurer umboðið á þeim stað sem þið búið.

11 Tæknilegar upplýsingar

Ljós magn	Max. Ca 2000 lux (í 15 cm. fjarlægð)
Ljósatækni	LED díóðutækni
Lýsingarþrep	10 ljósaprep (þreplaus með appinu)
Stemningsljós	Sjálfvirk RGB litaskipting og hægt að festa einn af litunum
Vaknað við ljós	OFF (slökkt) 2, 5, 10, 15, 20, 30, 45 og 60 mínútur áður en vekjari vekur
Sólarupprás	Hámarks ljós þar til vekjari vekur. Þrep 5, 10, 15, 20
Lúr aðgerð (snooze) tími	1 - 30 mínútur
Hleðsla	Hægt að hlaða snjallsíma í gegn um USB tengilinn.
Klukka	Val á milli 12 eða 24 tíma aðgerða
Vekjari	2 vekjaratímar Vöknun: vekjaratónn, útvarp, 6 vöknunarmelódíur Við svefn: 4 melódíur
Hnappatónn	Off (slökkt), On (Á)
AUX	Tengill inn, 3,5 mm „jack“ stungutengill
USB	Spilun af USB minnislykli að hámm. 32GB. Snið: MP3, WMA, WAV, hámm. 9999 skrár og getur aðeins lesið rötarskrár, en ekki undirskrár. 5V. Útgangs volta fjöldi
Útvarp	Tíðni VHF 87,5 -108 Mhz 10 minni
Háttalari	2 wött
Fyrir rafmagn	Inn: 110-240V, AC, 50/60 Hz Út: 9 V, DC, 2000 mA
Verndarklassi	Klassi II

Háð breytingum án fyrirvara

Við ábyrgjumst hér með að þetta vekjara ljós uppfyllir evrópureglugerð R&TTE, 1998/5/EC.

PFAFF hf
Grensásvegi 13
108 Reykjavík

Sími 414-0400

www.pfaff.is